



Skólaráðsfundur 3.október 2013

Mættir voru:

Fyrir Njarðvíkurskóla: Ásgerður Þorgeirsdóttir skólastjóri, Ástríður Sigurðardóttir kennari, Guðrún Guðmundsdóttir kennari, Jenný Þ. Magnúsdóttir formaður foreldrafélags, Redife Dino Osmani foreldri, Kristján Carlsson Granz foreldri, Hulda María Þorbjörnsdóttir starfsmaður, Baldur Rafn Sigurðsson, fulltrúi úr grenndarsamfélaginu, Viðar Páll Traustason formaður nemendafélags skólans, Snjólfur Marel Stefánsson varaformaður nemendafélags skólans og Guðný Karlsdóttir aðstoðarskólastjóri (fundarritari).

1. Ásgerður Þorgeirsdóttir, skólastjóri, kynnti fulltrúa skólaráðs og fór yfir hlutverk þeirra og skólaráðs.
2. Guðný Karlsdóttir afhenti fundarmönnum skólanámskrá og starfsáætlun skóla til yfirlestrar og umsagnar. Farið var yfir breytingar frá því í fyrra og var ákveðið var að allir renni yfir bæði ritin. Farið verður yfir athugasemdir á næsta fundi sem er þriðjudaginn 15. október kl. 12:30
3. Ásgerður ræddi um fyrirkomulag á námsefniskynningum þetta skólaárið en foreldrar nemenda í 1. og 10. bekk eru boðaðir á kvöldfund en foreldrar nemenda í 2.-9. bekk á morgunfund. Nemendur í 5.-9. bekk sitja kynningarnar með foreldrum sínum. Til að fá betri mætingu á fundina ætla stjórnendur skólans að hringja í alla foreldra.
4. Önnur mál:
  - a. Guðrún Guðmundsdóttir, kennari, sagði að þó að bekkjarnámskrár væru settar á heimasíðu skólans nú fyrir 15. október ættu þær að vera lifandi plagg í stöðugri endurskoðun.
5. Næsti fundur verður 15. október nk. og verður þá farið yfir athugasemdir og ábendingar á Skólanámskrá og Starfsáætlun skóla.

Fleira ekki gert og fundi slitið.  
Guðný Karlsdóttir ritaði fundargerð